

## GJALDSKRÁ fyrir hundahald á Hvolsvelli.

### 1. gr.

Af hundum á Hvolsvelli skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Hvolsvallarkauptúni nr. 261/1985.

### 2. gr.

Skráningargjald er kr. 6.500.  
Bráðabirgðaskráning kr. 1.200.

### 3. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir hvern hund er kr. 6.500.  
Ekki er innheimt leyfisgjald það ár sem hundurinn er skráður.

### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, eftirlit, umsjón og skráningu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

### 5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald kr. 5.000. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Rangárþings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Hvolsvallarkauptúni.

### 8. gr.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

*Hvolsvelli, 13. mars 2009.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Ágúst Ingi Ólafsson** skrifstofustjóri.